

6
5. jan.**Reikningur**

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B. bls. 71):			
a, innritunarskírteini ltra A fol. 103	34000,00		
b, veðskuldabryjef	5166,67		
c, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	1843,22	41009,89	
2. Ársvextir:			
a, af innritunarskírteini til 11. júní og 11. des. '92	1190,00		
b, — veðskuldabryjefum til 11. júní '92	221,99		
c, — fje í landsbankanum til 31. des. '92	31,82	1443,81	
			Samtals kr. 42453,70

Gjöld:

1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans til 11. júní og 11. des. '92	400,00		
2. Sjóður í árslok:			
a, innritunarskírteini ltra A fol. 103	34000,00		
b, veðskuldabryjef	7033,34		
c, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	1020,36	42053,70	
			Samtals kr. 42453,70

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. janúar 1893.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

- 7
25. jan. — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.**
— Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, eptir að því hafði borizt þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 19. nóv. f. á., hefur hans hátign konunginum hinn 20. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja, að selja megi makaskiptum jörðina Mela í Svarfaðardal, tilheyrandi Urðakirkju í Eyjafjarðarprófastsdæmi, fyrir jörðina Klaufabrekkur í Svarfaðardal, þannig að af hinni fyrnefndu jörð verði eptirleidis svarað tíund og öðrum gjöldum til hins opinbera svo sem af öðrum bændaeygnum, en að hín síðarnefnda jörð verði hvað þetta snertir sett í flokk með öðrum kirkjujörðum.
Þetta er hjer með þjónustusamlega tjád yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum.

- 8
30. jan. — **Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um umsjón kennenda hins lærða skóla með skemmtunum lærisveina.** — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt álitsskjal yðar, herra amtmaður og herra biskup, viðvíkjandi fyrirspurn frá þremur föstum kennurum hins lærða skóla, yfirkennara Halldóri Friðrikssyni, adj.

Steingrími Thorsteinsson og adj. Geir Zoëga, svo og tímakennara Hallgrími Melsteð, um það

8
30. jan.

1. hvort lærisveinar hins lærða skóla megi hafa fram þesskonar skemmtanir, sem þeir bjóða almenningi til, t. a. m. sjónleiki, þótt borgunarlaust sje af hendi áhorfenda, án samþykkis rektors og kennaranna,
2. hvort lærisveinar sjeu lausir við alla umsjón og eptirlit kennaranna í hinum lögboðnu leyfum á skólaárinu,
3. hvort lærisveinar sjeu einráðir um það, hverja sjónleiki þeir leika og
4. hvar þeir fái hús til leikjanna,

skal yður hjer með þjónustusamlegast tjáð, að jeg er yður samdóma um, að lærisveinar skólans sjeu einnig í leyfum þeim, er þeir fá á skólaárinu, háðir bæði sjerstöku og almennu eptirliti og umsjón kennaranna, og að það sje skylda kennaranna einnig þá, að hafa gát á hegðan piltanna og vanda um hvað eina, sem þeir kynnu að finna út af bera síðsemi og góðri reglu. En af þessu leiðir að mínu áliti, að kennurunum verður að vera heimilt að hafa þá hönd í bagga með skemmtunum pilta, einkum almennari skemmtunum, sem piltar gangast fyrir og gefa mönnum utan skóla kost á að taka þátt í eða njóta af, að eptirlit og uppeldisleg áhrif verði ekki gjörð of erfíð eða jafnvel ómöguleg, en um það, hverjar skemmtanir eða hvaða fyrirkomulag skemmtana komi í bága við framkvæmd á eptirlitsskyldu kennaranna verða rektor og kennararnir að hafa úrskurðarvaldið gagnvart lærisveinum, eins og þeir yfir höfuð eru nánustu yfirboðarar þeirra í öllu því, er að skólaverunni lýtur. Hafi því kennarafundur komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje af tilliti til eptirlitsins eða af öðrum uppeldislegum ástæðum að banna piltunum einhverjar skemmtanir eða aðgjörðir, þá verða piltarnir að hlýta þeim úrskurði, og geta ekki leitað leyfis til þeirra hjá öðrum, að kennurunum fornspurðum. Hinsvegar er það vita-skuld, að kennendur bera ábyrgð á því gagnvart sínum yfirboðurum, að þeir þröngvi ekki um of að frelsi pilta nje misbeiti embættisvaldi sínu í þessu at-riði nje öðrum greinum.

Samkvæmt þessu ber að svara fyrirspurn kennaranna svo, að kennararnir geti bannað sjónleikjahöld yfir höfuð, tiltekna sjónleiki og sjónleikjahald á vissum stöðum, þegar þeim virðist það nauðsynlegt af þeim ástæðum, sem að ofan eru framteknar. Jafnframt skal það tekið fram, að æskilegast væri, að piltar hefðu jafnan þessháttar skemmtanir í skólahúsinu sjálfu, enda virðist ekki vera mikið vandhæfi á, með nokkurri lempni að haga slíkum skemmtunum svo, að þær hafi ekki í för með sjer nein veruleg spjöll á herbergjum skólans nje áhöldum hans, eða raski næði þeirra, sem eiga vist í skólahúsinu, frekar en þeir láta sjer sjálfir lynda.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir rektor fyrir kennaranna hönd.